

Rauðukambar ehf.  
Norðurljósavegi 9  
241 Grindavík

Reykjavík, 5. desember 2022  
UST202211-022/Þ.V.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Rauðukambar í Þjórsárdal**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Rauðukamba ehf., dagsett 2. nóvember 2022 með viðbótargögnum 28. nóvember 2022, um leyfi til framkvæmda vegna jarðvegsrannsókna innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdalur er friðlýst sbr. auglýsingu nr 110/2020. Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufraeðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 13. gr. og 14. gr. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Þegar ekki liggur fyrir staðfest skipulag er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Markmið verkefnisins er að skoða berggerð og gæði bergs með tilliti til þess að mikið af veggjum fyrirhugaðrar hótélbyggingar sem til stendur að reisa á svæðinu verður með sýnilega bergfleti. Grafin verður samfelld lína eftir bakhlið fyrirhugaðs mannvirkisins á móts við grafrarmörk í bergi. Þar verða síðan boraðar allt að 6 stk 45 mm kjarnaborholur. Til að halda við jarðveg yrðu settir boltar í jarðhæð í efri línu, en í klapparhæð í neðri línu, net yrði lagt á milli til að halda við fláa. Að verkefninu loknu verður yfirborð skriðu lagfært og endurgert. Yfirborðsjarðvegur á framkvæmdasvæðinu er að stærstum hluta laus vikur og lítið er um gróður sem gerir að verkum að auðvelt er um vik að ganga frá yfirborði að loknum framkvæmdum. Ef til þess kæmi að ekki yrði af hótélbyggingu sjást engin ummerki um borholur og yfirborð skriðu mun verða lagfært þannig að það jafni sig að fullu. Afstöðumynd og sniðteikningar af svæðinu sem verkefnið fer fram á, aðkomuleiðir fyrir búnað og afmörkun á því svæði sem athuganir hafa nú þegar farið fram á barst 28. nóvember 2022. Áætlaður verktími er 4-6 vikur og yrði verkið framkvæmt í desember 2022. Að verkinu koma 2-4 starfsmenn.

#### ***Umsagnir:***

Í samræmi við 13. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins í stjórnartíðindum nr. 100/2020 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Minjastofnunar Íslands þann 29. nóvember 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Minjastofnunar barst þann 1. desember 2022. Í umsögn

Minjastofnunar kemur fram að stofnunin hefur veitt umsagnir um fyrirhugaðar hótél- og laugaframkvæmdir við Rauðukamba, nú síðast við breytingu á deiliskipulagstillögu þann 28.10.2022 (MÍ202210-0099&6.09/UÆ). Að öllu jöfnu er 100 m friðhelgað svæði út frá ystu mörkum friðlýstra forleifa. Í þessu tilviki nær byggingarreiturinn innfyrir helgunarsvæðið á kafla. En þannig háttar til að gil liggur á milli fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis austan gils og friðlýsts minjasvæðis vestan gilsins. Minjastofnun hefur lagt á það ríka áherslu að ekkert jarðrask verði í tengslum við hótélframkvæmdirnar vestan gilsins því það sé náttúrulegt skilrúm sem beri að virða. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við áætlaðar borrannsóknir svo lengi sem þær ná ekki vestur fyrir téð gil.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins til skamms tíma á meðan framkvæmdir fara fram. Framkvæmdin mun fara fram á svæði sem er skipulagt sem svæðið undir ferðaþjónustu í deiliskipulagi sem samþykkt var áður en svæðið var friðlýst. Stofnunin telur að hægt sé að takmarka áhrif framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins og vandað til við frágang að framkvæmdum loknum

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Rauðukömbum fyrir sitt leyti leyfi fyrir verkefninu innan Landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdals sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í 6 vikur frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem nota þarf vegna verkefnisins að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Koma skal fyrir merkingum við framkvæmdarstað að um að þetta sé framkvæmdarsvæði og að Umhverfisstofnun hafi veitt leyfi fyrir framkvæmdinni
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi þetta gildir eingöngu vegna jarðvegsrannsókna á berginu. Sækja þarf sérstaklega um leyfi vegna uppbyggingar á svæðinu þegar lokahönnun liggur fyrir og verður þá tekin afstaða til þeirra. Stofnunin hefur sett sér málshraðaviðmið vegna

afgreiðslu leyfa til framkvæmda innan friðlýstra svæða. Afgreiðslutíminn er allt að 30 dagar frá því öll gögn sem Umhverfisstofnun óskar eftir liggja fyrir frá umsækjanda.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins þarf fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Magnús Freyr Sigurkarlsson  
*sérfræðingur*